

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## PCC BakkiSilicon hf. Bakki, Norðurþing



<b>Dags eftirlits</b>	24.5.2023	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	PCC BakkiSilicon hf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sigríður Kristinsdóttir
<b>Heimili</b>	Bakkavegur 2	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	450612-0140	<b>Flokkur</b>	Kísilverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ólafur Ármann Sigurðsson	<b>ÍSAT nr.</b>	09.90.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Pétursson	<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram. Enn eru opin þrjú frávik er varðar magn framleiðsluþgangs á lóð, skipulag og frágangs hráefnasvæðis og skipulagi og umgengni á lóð.

### UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í PCC BakkiSilicon og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- Samráðsfundur
- Staða úrbóta (sbr. samþykka úrbótaáætlun frá 11. janúar 2023)
- Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg – kynning
- Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar – kynning
- Áhættumat
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Eftirlitið hófst á samráðsfundi rekstraraðila, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Rekstraraðili fór yfir niðurstöður mælinga á losun í loft og vatn sem og niðurstöður umhverfisvöktunar ársins 2022. Jafnframt var farið yfir framleiðslutölur, en annar ofninn var tekinn úr rekstri í desember 2022 og stefnt að því að hann fari aftur í rekstur seinnipart ársins 2023 ef aðstæður leyfa. Unnið er að viðhaldi og endurbótum á þeim ofni sem ekki er í rekstri hverju sinni.

Rekstraraðili fór yfir stöðu úrbóta, sbr. samþykka úrbótaáætlun frá 11. janúar 2023. Þrjú frávik eru útistandandi, frávik frá gr. 2.4 í starfsleyfi er varðar umgengni á lóð, gr. 3.15 er varðar magn framleiðsluþgangs í geymslu á lóð og gr. 3.3 er varðar skipulag og umgengni hráefnasvæðis. Staðfest var í eftirliti að nokkuð hefur áunnist í úrbótum þessara frávika og verður staðan tekin aftur í næsta eftirliti.

Umhverfisstofnun kynnti nýjan gagnagrunn um mengaðan jarðveg, nýja gjaldskrá stofnunarinnar og jafnframt var rætt um endurskoðun áhættumats stofnunarinnar um tíðni eftirlits.

Farið var í skoðunarferð um lóð rekstraraðila. Nokkuð hefur áunnist í tiltekt, skipulagi og frágangi lóðar frá því sem áður var en þó enn nokkuð verk fyrir höndum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.06.2023

*Sigríður Magnúsdóttir*

Sigríður Magnúsdóttir